

Erlend tungumál - Danska

Bekkur: 7. bekkur

Kennari: Eygló Pétursdóttir og Sóley Birgisdóttir

Nemendur: 40 nemendur

Tímafjöldi: 3 stundir á viku

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Umfjöllun um aðrar þjóðir og kynni af þeim opna dyr að fjölbreyttum menningarheimum, auka víðsýni, skilning, umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum og ólíkum lífnaðarháttum og stuðla þar með að betri skilningi á eigin menningu.

Tilgangurinn með kennslu í norrænum tungumálum á Íslandi er að viðhalda og styrkja tengslin við Norðurlandþjóðirnar og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið að sameiginlegum markaði menntunar og atvinnu á öllum Norðurlöndunum. Góð kunnátta í einu norrænu tungumáli er lykill að hvaða svæði sem er á Norðurlöndunum og greiðir fyrir öllum samskiptum.

Með tungumálanámi er stefnt að því að nemendur öðlist hæfni til að nota tungumálið sem verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Stefnt er að því að nemendur nái að tileinka sér vinnubrögð og aðferðir sem auðvelt er að yfirfæra á nám í öðrum tungumálum. Mikilvægt er að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi, setji sér markmið og meti eigin námsframvindu.

Dönskukennslu er skipt í 7 flokka: hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni. Til þess að tungumál nýtist sem best er mikilvægt að skilja talað mál og geta fylgt meginþræði í einföldum frásögnum. Nemendur verða einnig að geta lesið sér til gagns og ánægju einfalda texta af ýmsum gerðum og beitt til þess margvíslegum lestraraðferðum allt eftir eðli og tilgangi textans. Stefnt er að því að nemendur öðlist færni í að nota málið vandræðalaust í frásögnum og samskiptum þannig að það hæfi tilgangi, aðstæðum og viðtakanda hverju sinni. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota tungumálið á skapandi hátt í bæði töluðu og skrifuðu máli. Ætlast er til að nemendur sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og séu duglegir að nýta sér hjálpargögn þegar það á við.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.

Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri viðfangsefni.

Danska	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Hlustun	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum, • fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingar í eigin verkefni, • fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglinga og greint frá því helsta, 	<p>Nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Heyra tungumálið í gegnum hlustunaræfingar sem tengjast viðfangsefninu og fá þannig betri tilfinningu fyrir málinu. Notast er við grípandi söngva þar sem þeir festast oft betur í minni. • Fara einnig í rím- og þululeiki þar sem áhersla er á hlustun, endurtekningu, takt og látbragð. • Heyra kennarann nota málið í fyrstu í fyrirmælum en með auknum mæli í samskiptum þegar líða fer á dönskunámið. • Læra hvernig hin ýmsu hljóð eru borin fram í dönskunni, t.d. æ, å o.fl. með því að æfa framburð algengra orða með þessum hljóðum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Lagt verður fyrir hlustunarpróf.
Lesskilningur	<ul style="list-style-type: none"> • skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi t.d. af myndum, • fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu, • lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga, • nýtt sér miðla t.d. netorðabækur og sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum, 	<p>Nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Lesa almennt stutta texta þar sem um byrjendanámsefni er að ræða en þeir lengjast þegar líða tekur á. • Geta notast við myndir sem eru mikið notaðar til að styðja við textann og auðvelda nemendum að átta sig á innihaldi textans. • Leysa allskyns lesskilningsverkefni sem tengjast efni textans í verkefnabók þar sem gert er ráð fyrir að nemendur beiti mismunandi lestraraðferðum (yfirlits-, leitar- og nákvæmnislestur). • Fá góða endurtekningu á atriðum sem kennari vill leggja sérstaka áherslu á og mikið lagt upp úr að efla orðaforða til að auka lesskilning. • Notuð spil sem þjálfar og auka orðaforða. 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur taka próf úr Start og Smart. • Texti til prófs er stuttur til að byrja með en lengist þegar líða fer á.
		Nemendur:	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur taka munnlegt

<p>Samskipti</p>	<ul style="list-style-type: none"> • spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst, • skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu, • tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar, • sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum en einnig unnið í samvinnu við aðra, 	<ul style="list-style-type: none"> • Fá tækifæri til að prófa sig áfram með því að tala dönsku. Kennarinn gengur ekki hart fram í fyrstu að leiðrétta framburð heldur skiptir aðalmáli að skapa aðstæður þar sem nemendur geta tjáð sig á dönsku og aukið þannig færni sína. • Æfa nokkrar samtalsæfingar sem eru í tengslum við ýmis viðfangsefni bókarinnar en einnig eru notuð fleiri tækifæri til samskipta og tjáningar á dönsku. • Vinna þemaverkefni í hópum. 	<p>próf seinni hluta skólaárs.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þemaverkefni reynir á samvinnu og samskipti nemenda.
<p>Frásögn</p>	<ul style="list-style-type: none"> • sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt, • endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv., • lesið upp sögu eða texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa, • beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í þeirri vinnu sem tengist tjáningu, 	<p>Nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fá þjálfun í að nota orðaforða bæði í ræðu og riti og fást við verkefni sem tengjast því viðfangsefni sem unnið er með hverju sinni. • Eru með orðaforða á áberandi stað í stofunni sem tengist viðfangsefninu hverju sinni og eiga því auðveldara með að nota hann hverju sinni í riti eða ræðu. • Fara í rím- og þululeiki til að auka tilfinningu fyrir tungumálinu, auka færni í framburði, áherslum og orðaforðatilkun. • Kynna þemaverkefnið sitt fyrir bekkjarfélögum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Munnlegt próf þar sem nemendur fá tækifæri til að undirbúa sig með ákveðið efni. • Kynning á þemaverkefni.
<p>Ritun</p>	<ul style="list-style-type: none"> • skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista, • lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi, • skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst, • samið stuttan texta með stuðningi 	<p>Nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Gera stutt og einföld ritunarverkefni í leiðarbók og vinna þannig með orðaforðann úr lestextum og hlustun. • Nýta sér fyrirmyndir úr lesbók og orðalista til að búa til setningar og örstuttan texta sem tengist efnisflokknum sem fengist er við. • Vinna þemaverkefni þar sem þau nýta þann orðaforða sem þau hafa lært. 	<ul style="list-style-type: none"> • Leiðarbók er notuð sem leiðsagnarmat. • Innihald og framsetning á þemaverkefni metið til einkunnar.

	<ul style="list-style-type: none"> mynda, hluta, tónlistar o.s.frv., beitt gagnrýnni hugsun við nýtingu miðla og upplýsinga, unnið sjálfstætt og verið skapandi í þeirri vinnu sem fram fer, 		
Menningarlæsi	<ul style="list-style-type: none"> sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjörðar menningarsvæðisins, s.s landfræðilegrar legu, staðháttu og þekktra staða, sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir, nýtt sér ýmsa miðla til afla sér upplýsinga, 	<p>Nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> Taka þátt í að gera námsumhverfið þannig að það beri vott um að verið sé að vinna með danskt mál og menningu. Hengdar eru upp myndir og veggspjöld sem tengjast viðfangsefnum eða menningu. Byrja á því að skoða orð sem eru lík orðum í íslenskunni. Auk þess bendir kennari annað slagið á þannig orð þegar þau birtast í lestexta eða verkefnum til að þau festist betur í minni. 	<ul style="list-style-type: none"> Umræður í tíma nýtast nemendum þegar kemur að prófum hvort sem þau eru munnleg eða skrifleg.
Námshæfni	<ul style="list-style-type: none"> beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki, beitt sjálfsmati námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur, tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja, nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingaforrit og leitarvélar, unnið sjálfstætt en einnig í samvinnu við aðra, nýtt sér ýmsa miðla og upplýsingar á gagnrýnin hátt. 	<p>Nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> Fá í upphafi góða kynningu á uppbyggingu námsefnisins og dönskunáminu. Lesu texta, vinna verkefni tengd hlustun, tali, lesskilningi og ritun auk þess er sérstök áhersla á að efla orðaforða. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni með fjölbreyttum aðferðum. Venjast því að vinna jafnt í hópum, pörum eða einstaklingslega allt eftir eðli verkefnisins. Eru hvattir til að nýta sér orðabækur bæði í bókaformi og á veraldarvefnum í námi og verkefnavinnu. 	<ul style="list-style-type: none"> Samskipti og samvinna, ásamt afrakstri við hópverkefni eru metin til einkunnar út frá gátlista. Sjálfsmat og jafningjamat.

Kennslugögn: Start lesbók, Start vinnubók, Smart lesbók, Smart vinnubók, orðabók, ljósrit, tónlist og ítarefni frá kennara.			
Námsmat: Námsmat vetrarins byggist á ýmsum þáttum, s.s. kaflaprófum, ritunarverkefnum, hlustunarprófum, munnlegum prófum, jafningja- og sjálfsmati, endurgjöf á vinnu nemenda og mati á þemaverkefni þar sem reynir m.a. á upplýsingalæsi og framsögn nemenda.			
Leiðsagnarmat byggist m.a. á kaflaprófum, ritunarverkefnum, endurgjöf á vinnu nemenda o.s.frv.			
Lokamat byggist m.a. á kaflaprófum, hlustunarprófum, munnlegum prófum, þemaverkefni o.s.frv.			